

## Fundargerð 480

Föstudaginn 24. janúar 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar og var notast við fjarfundabúnað. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson formaður, Gunnar Þorgeirsson, Halldóra K. Hauksdóttir, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:05 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Erindisbréf regluvarðar endurnýjað - til afgreiðslu
4. Skýrsla regluvarðar um framkvæmd regluvörslu 2019 - til kynningar
5. Staða rekstrar og verkefna við árslok 2019 - til kynningar
6. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs - til kynningar.
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Nýja húsið - til upplýsingar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 479. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Lánamál - til afgreiðslu

...  
...  
...  
...

### 3. Erindisbréf regluvarðar endurnýjað - til afgreiðslu

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2020, Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Formaður bar upp erindisbréf regluvarðar vegna 2020 og var það samþykkt samhljóða.

### 4. Skýrsla regluvarðar um framkvæmd regluvörslu 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar 2020 vegna ársins 2019 sem HÁ kynnti.

Til máls tóku GP og MBJ

## 5. Staða rekstrar og verkefna við árslok 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna í árslok og drög að rekstri stofnunarinnar 31. desember 2019.

AÐ fjallaði um aflamark á Flateyri og SEÐ fór yfir verkefni á þróunarsviði. AME kynnti stöðuna á COSME umsókninni og upplýsti stjórn um peningaþvættisathugun sem henni tengdist. MH upplýsti að viðræður hefðu hafist við Fjármála- og efnahagsráðuneytið um lánveitingu úr ríkissjóði í stað lántöku með ríkisábyrgð.

MBJ lagði til breytingu á uppsetningu framfylgdarskjals t.d. tímaspor.

## 6. Áhættuskýrsla 4 ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla fjórða ársfjórðungs 2019 sem AME og MH kynntu. Öll áhættumarkmið eru innan marka fyrir utan gjaldeyrisjöfnuð sem MH upplýsti að yrði kominn í lag á fyrsta ársfjórðungi 2020.

Til máls tók GP

## 7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir 42/19, 1/20, 2/20 og 3/20 sem AME kynnti.

Til máls tóku GP og KB.

## 8. Nýja húsið - til upplýsingar

AÐ upplýsti að framkvæmdir ganga vel og ekkert hefði komið upp sem tefði framkvæmdir. Húsbúnaðarkaup væru framundan í samráði við arkitekt og Ríkiskaup.

## 9. Önnur mál

GP spurði út í úthlutun til fjarvinnustöðva, olúkostnað á höfuðborgarsvæðinu og störf án staðsetningar sem AÐ og AME svöruðu.

SJ ræddi jarðasöfnun útlendinga. AÐ sagði að unnið væri að úttekt á eignarhaldi bújarða á þróunarsviði.

## 10. Næsti fundur

Næsti fundur verður 21. febrúar á Sauðárkróki. AÐ upplýsti að gert væri ráð fyrir að ársfundur yrði haldinn 16. apríl 2020 en staðsetning hefur ekki verið ákveðin.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:00

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---